

Metfjöldi í sérnámi til heimilislæknis

Aldrei hafa jafnmörg stundað sérnám í heimilislækningum og nú. „Við erum með 73 sérnámslækna. Það er frábært,“ segir Elínborg Bárðardóttir, kennslustjóri. Hópurinn hittist á dögnum í fyrsta sinn í um tvö ár í upphitunarteiti fyrir veturinn. „Kærkomið.“

■■■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Heimilislækningar hafa orðið sýnilegri. Sérnámið er gott. Það spyrst út. Svo má velta því fyrir sér hvort lífsstíll ungs fólks sé að breytast. Það horfi til meira jafnvægis milli fjölskyldu og vinnu,“ segir Elínborg Bárðardóttir kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum, spurð um vinsældirnar. Fólk horfi til fleiri átta en Landspítala.

Elínborg fagnar því hve margir sérnámslækna eru úti á landi. Prettán fyrir norðan, átta á Heilbrigðisstofnun Suður-

lands, fjórir á Austurlandi, tveir á Vesturlandi, einn hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og fjórir á Suðurnesjum. „Alls eru því 32 af 73 utan höfuðborgarsvæðisins, eða nærri 44%. Það eru góðar fregnir fyrir landsbyggðina, því algengt er að sérnámslækna-ílgengist á staðnum þar sem þeir læra.“

Elínborg segir aðeins um 200 heimilislækna á landinu. „Á næstu tíu árum má búast við að um tíu heimilislækna muni

heltast úr lestinni árlega sökum aldurs. Það veitir því ekki af fleirum í fagið. Ef við miðum við 1500 landsmenn á hvern lækni, þá þarf að lágmarki 240 stöðugildi heimilislækna en helst um 300.“

Læknar í sérnámi til heimilislæknis hittust í móttöku Félags íslenskra heimilislækna á dögnum. Hópurinn hafði þá ekki hist í frá því um vorið 2019. Hér eru Elínborg og kennslustjórar með hópinn sinn fyrir utan Golskála GK&G í Garðabæ. Mynd/gag



Hópurinn nýi hittist á dögnum á veitingastaðnum Sjálandi í Garðabæ. Frá vinstri; Villhjálmur Steingrímsson, Hjálmar Ragnar Agnarsson, Telma Hulð Ragnarsdóttir, Tómas Þór Ágústsson, yfirlæknir sérnáms og framhaldsnáms á Landspítala, Arna Guðmundsdóttir, kennslustjóri í lyflækningum, Bára Dís Benediktsdóttir, umsjónarsérnámslæknir. Á myndina vantar Pál Guðjónsson. Mynd/gag

Fimm geta orðið fyrst til að klára fullt lyflæknanám á Íslandi

Fyrstu læknarnir eru nú á fjórða ári sérnáms í lyflækningum hér á landi. Námið er kennt í heild eftir bresku prógrammi Royal College of Emergency Medicine.

Fimm læknar heyja nú baráttu um að verða fyrst til að ljúka sérnámi í lyflækningum alfarið hérlendis. Þau stunda nú fjórða árið í náminu fyrst hér á landi. Áður var aðeins hægt að ljúka þremur árum hér heima. Fara þurfti utan til þess að klára. Um fjöru-tíu stunda sérnám í lyflækningum.

„Tímarnir hafa breyst,“ segir Arna Guðmundsdóttir, kennslustjóri í lyflækningum. Námið sé nú formlegt, vottað og fylgi breskum marklýsingum. „Sérnámslækna-prógrammið í lyflækningum er langstærst á Landspítala,“ segir hún.

„Við erum í harðri samkeppni um fólk

við sérnámið í heimilislækningum. Erum í samkeppni um fólk við önnur sérnám, ekki síst þau sem hægt er að ljúka alfarið hér heima eins og heimilislækningar. Það er frábært að læknar hafi val. Við hvað viltu vinna í framtíðinni? Hvernig sjúklinga viltu hitta? Viltu vinna vaktavinnu eða ekki eða vera í bráðum aðstæðum eða ekki.“ Hún segir gæði námsins í sérflökki og jafnis á við það sem er í Bretlandi en Bretar og Bandaríkjamenn séu leiðandi í kennslu.

Bára Dís Benediktsdóttir, umsjónarsérnámslæknir, er ein þeirra sem hefur hafið fjórða árið í lyflækningum. Hún býst þó ekki við að verða fyrst til að klára það, en hún á von á barni nú í október. „Ég gæti þó orðið fyrsta konan,“ segir hún kapp-söm. Sjálf hafi hún stefnt á að fara út og stunda námið hér heima í einungis eitt ár.

„En svo kynnti ég mér málið og sá að staðan er betri hér en það sem ég sá á hinum Norðurlöndunum. Utanumhaldið er



gott og af því að við erum í bresku kerfi fáum við breskt námsnúmer og getum því án vandkvæða farið í skiptinám út eða starfað þar í framtíðinni. Við höfum farið í gegnum nákvæmlega sömu skilyrði og lækna í Bretlandi.“

Námið hefur verið vottað til ársins 2023. Skoðuð sé námskrá hvers sérnámslæknis og metið hvort hann hafi staðist kröfur. „Nemendur komast ekki milli ára nema að hafa uppfyllt kröfur marklýsingarinnar,“ segir Arna.

„Námið hefur mikla þýðingu fyrir Landspítala sem heldur nú í þennan mannafla í stað þess að missa fólk úr landi á besta aldri, 30-35 ára. Þetta er því bylting í viðleitni við að halda fólki á spítalanum og manna hann vel,“ segir hún og leggur áherslu á mikilvægi þess. „Námið er fjöregg spítalans.“ Það haldi fólki hér heima og bæti því mönnum spítalans.

Arna segir sérnámslækna í lyflækningum hópinn sem mannar Birkiborg. „Þetta er fólk sem stendur vaktina á öllum lyflækningadeildunum,“ segir hún. Bára tekur undir. „Ég hef gengið stofugang á öllum lyflækningadeildum spítalans.“ Lyflækna hafi síðan afar fjölbreytt tækifæri þegar námi lýkur. „Þeir geta til dæmis unnið í stjórnsýslu, starfað sjálfstætt eða á heilbrigðisstofnunum.“

Signý Vala Sveinsdóttir er ein þeirra sem stýrir undirbúningi Lyflæknaþingsins í ár.

Draga lærdóm af COVID-19 á Lyflæknaþinginu



„Við ætlum meðal annars að draga lærdóm af COVID-19 faraldrinum sem tók af okkur þingið á síðasta ári,“ segir Signý Vala Sveinsdóttir, fulltrúi stjórnar Félags íslenskra lyflækna, um 24. Lyflæknaþingið sem haldið verður í Hörpu dagana 5-6. nóvember.

Nýjungar í faginu, stafræn tækni og heilsueflandi borgarskipulag fá sinn sess á Lyflæknaþinginu í Hörpu. „En fyrst og fremst fáum við nú tækifæri til að treysta böndin, kynnst og efla tengslin okkar á milli. Það jafnast ekkert rafrænt þing á við þau í raunheimum,“ segir Signý Vala sem starfar sem yfirlæknir á blóðlækningadeild á Landspítala.

Þrjú ár eru frá síðasta þingi. Signý á von á því að lækna allra undirsérgreina komi á ráðstefnuna og hvetur aðra heilbrigðisstarfsmenn einnig til að mæta. „Almennar lyflækningar koma jú við sögu í öllum greinum læknisfræðinnar.“

Lyflæknaþing voru hér áður gjarnan haldin úti á landi. „Það er aldrei að vita nema horfið verði aftur til eldri hefðar síðar. Við leitumst við að hafa sem skemmtilegast og lofum stúttfullri dagskrá.“ Hún fagnar því að þinginu ljúki á hátíðarkvöldverði í Hörpu. „Við í stjórninni hvetjum alla til að mæta og innbyrða nýja þekkingu.“ - gag